Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar sem lögð var fram í Fjölskylduráði á fundi þann 4. des. 2020

Félagslegar íbúðir - fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar

1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar eru þær á hverja þúsund íbúa bæjarfélagsins?

   Þann 1. nóvember sl. var Hafnarfjarðarbær með 274 íbúðir í félagslega kerfinu, þ.e. 264 íbúðir í eigu sveitarfélagsins, 3 íbúðir framleigðar og 5 íbúðir leigðar af ÍLS og 2 í eigu Skarðshlíð íbúðafélag. Mannfjöldinn í Hafnarfirði er í kringum 30.000 íbúar. Í dag er hlutfallið 9,1 íbúðir / 1000 íbúa, þegar allar íbúðir eru teknar með.

2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?
   a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?

   Í dag eru 140 umsóknir á biðlista þ.e. 80 umsóknir frá einstaklingum en 60 umsóknir frá fjölskyldufólki og skiptast með eftirfarandi hætti eftir íbúðarstærð:

Stærð íbúðar	2. herb.	3.herb.	4. herb.	5. herb.
Fjöldi á biðlista	83	39	14	4

   b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Stærð íbúðar	**Biðtími í mánuðum**
2. herb.	36
3. herb.	27
4. herb.	14
5. herb.	90

3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2017, 2018, 2019 og 2020?

Árið	**Heildarfjöldi**	**2. herb.**	**3. herb.**	**4. herb.**
2017	**7**	6	1	0
2018	**14**	8	4	2
2019	**7**	6	0	1
2020	**3**	2	1	0

Hafnarfjörður 4.des.2020
Soffía Ólafsdóttir
Deildarstjóri ráðgjafar og húsnæðimála.